


Landsvirkjun
Óli Grétar Blöndal Sveinsson
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN



Mývatnssveit, 12. júní 2014
Tilvísun: UST20140500178/döh

Breytingatillaga að vöktun grunnvatns á Mývatnssvæði

Umhverfisstofnun vísar í erindi frá Óla Geir Blöndal Sveinssyni f.h. Landsvirkjunar dagssett 15. maí síðastliðinn. Þar er gerð grein fyrir breytingatillögu ÍSOR á vöktun grunnvatns í Mývatnssveit og grunnvatnsvöktun á Þeystareykjum.

Tillagan gerir ráð fyrir að sýnum til efnagreininga verði safnað einu sinni á ári í stað þess að safnað sé tvisvar sinnum, en á sama tíma verði sýnatökustöðum fjölgað úr 10 stöðum í 19. Niðurstöður fyrri vöktunar eru þær, að ekki séu rekjanleg merki um langtímaleitni í átt að hækkandi styrk snefilefna í grunnvatni sem rennur til Mývatns, sem rekja má til affallsvatns Kröflu- og Bjarnarflagsvirkjana.

Umhverfisstofnun gerir ekki efnislegar athugasemd við þessa tillögu ÍSOR en vill þó áréttu að áfram verði stofnuninni send skýrsla með niðurstöðum mælinga hvers árs. Þá er farið fram á að endurskoðun vöktunaráætlunar verði áfram gerð í samráði við Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Davíð Örvar Hansson

Davíð Örvar Hansson
Sérfræðingur

Olafur Arnar Jónsson
Olafur Arnar Jónsson
Sviðsstjóri